

Vinnumat

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að síðustu tvær vikur hafa staðið yfir kynningar á vinnumati. Flestir fundir hafa verið vel sóttir og umræður líflegar. Eins og við var að búast hafa kennarar áhyggjur af ákvæðinu um viðbótarkennslu samhliða eigin kennslu, svokallaða „sjö tíma“.

Vinnumatshópurinn óskaði eftir því við samningsaðila að þeir útskýrðu betur og lagfærðu textann um þetta ákvæði. Málið var rætt í samstarfsnefnd, allt frá því að taka þetta ákvæði út yfir í það að hafa textann óbreyttan. Að endingu náðist samkomulag um að bæta framan við greinina eftirfarandi skýringu:

Mikilvægt er að leysa forföll kennara eins fljótt og auðið er sé þess nokkur kostur með hefðbundinni forfallakennslu til að tryggja faglegt starf og kennslu nemenda.

Við framkvæmd ákvæðis um viðbótarkennslu samhliða eigin kennslu skal öryggi nemenda haft í fyrirrúmi sbr. ákvæði grunnskólalaga.

Ákvæðið er hugsað sem skammtímalausn til að bregðast við ófyrirséðum forföllum en ekki sem viðvarandi lausn.

Nú þegar fundunum er lokið mun vinnu- matsnefndin hefjast handa við að fara yfir þær athugasemdir sem fram hafa komið á

fundunum. Tími er til 15. janúar 2015 til að koma með ábendingar. Á heimasíðunni www.vinnumat.is verða sett inn svör við spurningum eins og fljótt og auðið er.

Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér vinnumatið vel, fylgjast með heimasíðunni vinnumat.is og vera duglegir við að senda inn ábendingar um það sem betur má fara.



Hver eru næstu skref í vinnumatinu?

Félagsmenn eru hvattir til að skoða drögin að vinnumatinu og koma með ábendingar til verkefnisstjórnar um vinnumat svo hægt sé að þróa það frekar áður en það fer í atkvæðagreiðslu.

Verkefnisstjórn skilar lokaútgáfu leiðarvísis um vinnumat til afgreiðslu samningsaðila eigi síðar en 15. febrúar 2015.

Leiðarvísí um vinnumat og breytingar á kjarasamningi skal leggja undir atkvæði samningsaðila fyrir 20. febrúar 2015.

Niðurstaða atkvæðagreiðslu hvors aðila skal liggja fyrir eigi síðar en 1. mars 2015.

Aðilar skulu tilkynna hver öðrum um niðurstöður atkvæðagreiðslunnar fyrir kl. 12:00, 2. mars 2015.

Verði breytingarnar samþykktar gildir kjarasamningurinn þannig breyttur út samningstímann.

Verði breytingarnar felldar í verður gamli kjarasamningurinn í gildi nema hvað 9,3% launahækkun heldur sér og þær hækkunar

sem kennarar hafa fengið sem afsöluðu sér aldursafslættinum.

Rétt er að ítreka að engar breytingar hafa orðið á vinnutímakafla kjarasamningsins þetta skólaár. Verði samningurinn felldur verður svo áfram.

Afsal kennsluafsláttar er óháður því hvort samningurinn verður samþykktur eða ekki og heldur val kennara sér.

Kynningarferli til 15. janúar 2015

Lokaútgáfa vinnu- mats ekki síðar 15. febrúar 2015

Atkvæðagreiðsla ekki síðar en 20. febrúar 2015

Niðurstaða ekki síðar en 1. mars 2015



Samþykkt

Vinnutímabreytingar taka gildi frá hausti 2015

Laun hækka um 9,5% 1. maí

Laun hækka um 2% 1. janúar 2016

Allir umsjónarkennarar raðast í sama flokk

Hafnað

Kjarasamningur losnar

Engar breytingar verða á vinnutíma

Áður komnar hækkunar halda sér

Hækkunar í maí 2015 og janúar 2016 falla út

Afsal aldursafsláttar breytis ekki, hvort sem samningur er samþykktur eða ekki